



Félag löggiltra endurskoðenda

Námskeið 21. september 2017 Gagnaendurskoðun greiningaraðgerðir og úrtaksaðferðir

Ætlað:	Opið öllum
Leiðbeinendur:	Guðmundur Ingólfsson endurskoðandi
Staður:	Grand Hótel Reykjavík
Tími:	Fimmtudaginn 21. september 2017 kl. 13:00 – 16:00
Einingar:	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun
Verð:	Kr. 18.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 27.000 fyrir aðra.
Skráning:	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 16:00 - 20. september

Námskeiðslýsing:

Námskeiðinu er skipt upp í tvo hluta. Á fyrri hluta námskeiðsins verður farið yfir þær kröfur sem gerðar eru til greiningaraðgerða í gagnaendurskoðun í samræmi við staðal IAS 520. Tekin verða dæmi um slíkar greiningaraðgerðir meðal annars með tilliti til tekna, vaxtakostnaðar, afskrifta og fleira. Á síðari hluta námskeiðsins verður farið yfir þær kröfur sem gerðar eru þegar tekin eru úrtök við ítarendurskoðun. Tekin verða dæmi um hvernig úrtök eru valin.

Markmiðslýsing: Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að geta:

- Sett sér væntingar og framkvæmt greiningaraðgerðir við gagnaendurskoðun í samræmi við IAS 520.
- Tekið úrtök við ítarlega skoðun gagna í samræmi við IAS 530.

Leiðbeinandi verður Guðmundur Ingólfsson



Guðmundur fékk löggildingu árið 2016 en hann starfar á endurskoðunarviði Deloitte. Guðmundur er í fjármálahópi Deloitte og kemur því að endurskoðun banka og tryggingafélaga og hefur m.a starfað í 6 mánuði í Bretlandi við endurskoðun fjármálafyrirtækja.

Hann kennir við opna háskólann hjá HR þar sem hann kennir hluta af námskeiðunum Viðurkenndir bókarar og Almennir bókarar. Einnig kennir hann áfangana Ársreikningagerð A og B í Háskóla Íslands nú í vetur.